# Verðskrá fyrir raforkudreifingu á veitusvæði Veitna

## Raforkudreifing

**Gildir frá 01.12.2021**

Virðisaukaskattur af raforku reiknast 24 %. Sérmæld raforka til húshitunar ber þó 11 % virðisaukaskatt.
Jöfnunargjald reiknast af raforkudreifingu í samræmi við lög nr. 98/2004.

### Almenn orkunotkun:

| Taxti | Almenn notkun | Dreifing | Flutningur | Jöfnunar-gjald | Samtals | Með 24% vsk | Grunnur |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| A1D | Fast verð | 30,50 | | | 30,50 | 37,82 | kr/dag |
| | Orkuverð | 3,91 | 2,04 | 0,34 | 6,29 | 7,80 | kr/kWh |

**Skýringar:**
Taxti A1D gildir fyrir alla almenna notkun. Taxti A2D gildir fyrir einmælingu húsnæðis sem er upphitað með raforku og hefur sömu einingaverð en 85% orkunotkunar bera 11% virðisaukaskatt og 15% notkunar bera 24% virðisaukaskatt.
Fast verð er fyrir föstum kostnaði óháð orkunotkun. Gjaldinu er dreift jafnt niður á tímabil reikninga.

### Afl- og orkunotkun:

| Taxti | Afl og orkunotkun lágspenna | Dreifing | Flutningur | Jöfnunar-gjald | Samtals | Með 24% vsk | Grunnur |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| B1D | Fast verð | 178,87 | | | 178,87 | 221,80 | kr/dag |
| | Aflverð | 26,33 | | | 26,33 | 32,65 | kr/kW/dag |
| | Orkuverð | 0,61 | 2,04 | 0,34 | 2,99 | 3,71 | kr/kWh |

| Taxti | Afl og orkunotkun háspenna | Dreifing | Flutningur | Jöfnunar-gjald | Samtals | Með 24% vsk | Grunnur |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| B4D | Fast verð | 1.185,87 | | | 1.185,87 | 1.470,48 | kr/dag |
| | Aflverð | 25,01 | | | 25,01 | 31,01 | kr/kW/dag |
| | Orkuverð | 0,56 | 2,04 | 0,34 | 2,94 | 3,65 | kr/kWh |

**Skýringar:**
Fast verð er fyrir föstum kostnaði, óháðum orkunotkun.
Aflverð er greitt fyrir mældar afleiningar, hvert kW afltopps. Afltoppur er reiknaður á ársgrundvelli (almanaksár). Greitt er fyrir hæsta notað meðalafl (kW), mælt í 60 mínútur, á tímabilinu;
1. janúar til 31. mars og 1. október til 31. desember. Reikningsfært lágmarksafl er 30 kW.

### Aflnotkun:

| Taxti | Úti- og götulýsing aflverð | Dreifing | Flutningur | Jöfnunar-gjald | Samtals | Með 24% vsk | Grunnur |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| B21D | Aflnotkun rofin | 43,09 | 21,18 | 3,53 | 67,80 | 84,07 | kr/kW/dag |
| B22D | Aflnotkun órofin | 67,86 | 48,96 | 8,16 | 124,98 | 154,98 | kr/kW/dag |

**Skýringar:**
B21 er fyrir rofna aflnotkun. Roftími er breytilegur og fylgir dagsbirtu. Taxtinn er einungis fyrir götulýsingu sveitarfélaga og Vegagerðar og þær veitur sem tengjast því kerfi í dag. Ný götulýsing er sett á mæli.
B22 er fyrir órofna aflnotkun (t.d. umferðaljós og fjarskiptaskápa). Nýr búnaður er settur á mæli.
Reikningsfært afl miðast við uppsett afl.

## Tímaháð orkunotkun:

| Taxti | Tímataxti, lágspenna | Dreifing | Flutningur | Jöfnunar-gjald | Samtals | Með 24% vsk | Grunnur |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| T1D | Fast verð | 688,97 | | | 688,97 | 854,32 | kr/dag |
| | Lágverð | 1,70 | 2,04 | 0,34 | 4,08 | 5,06 | kr/kWh |
| | Miðverð | 3,19 | 2,04 | 0,34 | 5,57 | 6,91 | kr/kWh |
| | Háverð | 7,89 | 2,04 | 0,34 | 10,27 | 12,73 | kr/kWh |

| Taxti | Tímataxti, háspenna | Dreifing | Flutningur | Jöfnunar-gjald | Samtals | Með 24% vsk | Grunnur |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| T1HD | Fast verð | 2.984,28 | | | 2.984,28 | 3.700,51 | kr/dag |
| | Lágverð | 1,49 | 2,04 | 0,34 | 3,87 | 4,80 | kr/kWh |
| | Miðverð | 2,78 | 2,04 | 0,34 | 5,16 | 6,40 | kr/kWh |
| | Háverð | 6,87 | 2,04 | 0,34 | 9,25 | 11,47 | kr/kWh |

### Skýringar:

Fast verð er fyrir föstum kostnaði, óháðum orkunotkun. Um er að ræða árstaxta (almanaksár).

Lágverð gildistími: október - apríl kl. 21:00 – 09:00 og
maí - september; allan sólarhringinn.

Miðverð gildistími: nóvember – febrúar; virkir dagar kl. 13:00 – 17:00, helgar og frídagar* kl. 09:00 – 21:00,
október, mars og apríl; kl. 09:00 – 21:00.

Háverð gildistími: nóvember – febrúar; virkir dagar kl. 09:00 – 13:00 og 17:00 – 21:00,
aðfangadagur og gamlársdagur kl. 09:00 – 13:00 og 17:00 – 21:00.

*Aðfangadagur og gamlársdagur teljast ekki til þessara frídaga og eru meðhöndlaðir eins og virkir dagar í desember.

## Launafl:

Heimilt er að ákveða sérstakt gjald fyrir launafl hjá notendum, ef úttekið launafl nemur 75% eða meira af mesta útteknu raunafli á ári, miðað við 60 mínútna meðal gildi afls.

## Mælaleiga:*

| Taxti | Mælaleiga | Kr. | Með 24% vsk | Grunnur |
|---|---|---|---|---|
| M1 | Orkumælir, einfasa | 8,22 | 10,19 | kr/dag |
| M2 | Orkumælir, þrífasa | 21,06 | 26,11 | kr/dag |
| M3 | Orkumælir, þrífasa m/straumspennum | 41,11 | 50,98 | kr/dag |
| M4 | Aflmælir | 58,09 | 72,03 | kr/dag |
| M5 | Aflmælir m/straumspennum | 92,59 | 114,81 | kr/dag |
| M8 | Fjarstýriliði | 27,89 | 34,58 | kr/dag |
| M9 | Púlsmagnari | 21,80 | 27,03 | kr/dag |
| M21 | Aflmælir með straum- og spennuspennum | 554,48 | 687,56 | kr/dag |

### Skýringar:

*Leigugjöld fyrir auka mælitæki t.d. til innra uppgjörs notanda. Mælaleiga er innifalin í föstu verði ofangreindra raforkudreifitaxta. Veitur bjóða ekki lengur upp á nýja mæla til leigu.

## Heimtaugar:

Almennt verð heimtauga gildir í þéttbýli á nýbyggingarsvæðum. Verð gilda ekki þar sem búið er að ganga varanlega frá yfirborði og fullnægjandi veitulagnir ekki komnar að lóðarmörkum. Reiknist áætlaður heildarkostnaður við heimtaugina meira en 50% hærri en verðskrá segir til um þá greiðir umsækjandi til viðbótar allan kostnað sem verður umfram þessi 50%. Viðbótarkostnaður samkvæmt þessari reiknireglu er ekki innheimtur samhliða innheimtu yfirlengdargjalda. Geri húseigandi breytingu á skipulagi húss frá útgefnu skipulagi sveitafélags t.d. með því að færa til bílskúr eða annan inntaksstað ber hann til viðbótar allan kostnað við færslu eða breytingu lagna. Húseigandi sem óskar eftir breytingu eða færslu á inntaksbúnaði eða inntaksstað ber af því allan kostnað. Sama gildir um tímabundna aftengingu.

Stærð rafmagnsheimtaugar ákvarðast af umsækjanda að teknu tilliti til fjölda íbúða í íbúðarhúsi og fyrirliggjandi notkun annars húsnæðis. Málstraumur heimtaugar miðast við stærð aðalvara húsveitu. Fari heimtaugastrengur lengra en 20 metra inn fyrir lóðarmörk greiðir umsækjandi aukalega fyrir allan kostnað sem fylgir þeirri lengingu. Virðisaukaskattur reiknast 24% á öll heimtaugagjöld rafmagns.

**Sérstök ákvæði fyrir heimtaug sem eingöngu er ætluð rafbílahleðslu við fjölbýlishús.** Húsfélag getur sótt um viðbótarheimtaug inn á lóð eða inn fyrir vegg í bílgeymslu ef núverandi heimtaug ber að mati Veitna ekki fyrirséða rafbílahleðslu. Ekki verður innheimtur viðbótarkostnaður (utan lóðar) við lögn heimtaugarinnar að uppfylltu framansögðu og samþykki/samráði við Veitur um afhendingarstað sem hentar miðað við aðstæður og gildir þá neðangreind tafla. Ef hentar að stækka heimtaug í sama tilgangi greiðist mismunur á heimtaugagjöldum viðkomandi stærða.

| Taxti | Málstraumur | Heimtauga-gjald | Með 24% vsk |
|---|---|---|---|
| H1R | 16 A 1-fasa | 154.880 | 192.051 |
| | 50 A | 181.111 | 224.578 |
| | 63 A | 212.681 | 263.724 |
| | 100 A | 362.221 | 449.154 |
| | 200 A | 661.030 | 819.677 |
| | 315 A | 1.041.116 | 1.290.984 |
| | 400 A | 1.322.055 | 1.639.348 |
| | 630 A | 2.082.237 | 2.581.974 |
| | 710 A | 2.346.646 | 2.909.841 |

### Skýringar:

Fyrir stærri heimtaugar en 710 A er heimtaugagjald grundvallað á kostnaðarútreikningi í hverju tilfelli.
Dreifikerfi Veitna gerir ráð fyrir 63 A heimtaug að hámarki í sérbýli. Ef þörf er á stærri heimtaug í sérbýli skal liggja fyrir afláætlun og heimtaugagjald grundvallað á kostnaðarútreikningi í hverju tilfelli.

## Bráðabirgðaheimtaugar grunngjald:

| Taxti | Málstraumur | Grunngjald | Með 24% vsk |
|---|---|---|---|
| H2R | 50 A | 57.455 | 71.244 |
| | 63 A | 61.285 | 75.993 |
| | 100 A | 70.224 | 87.078 |
| | 200 A | 134.063 | 166.238 |

**Skýringar:**

Innifalið í grunngjaldi er kostnaður við uppsetningu mælis og spennusetning veitunnar. Annar kostnaður við framkvæmd verksins greiðist samkvæmt raunkostnaði sem Veitur gefa upp áður en verk hefst og miðast við aðstæður hverju sinni. Bráðabirgðaheimtaugar skulu aflagðar innan 24 mánaða frá tengingu þeirra. Með bráðabirgðaheimtaug er átt við heimtaug sem fjarlægð er að verki loknu og gjald fyrir hana dregst ekki frá gjaldi fyrir aðalheimtaug. Ef vinnuskúr hefur verið tengdur við heimtaugarenda verður hann aftengdur um leið og heimlagnir eru lagðar inn í hús. Óski umsækjandi eftir frestun á þeirri aftengingu greiðir hann aukalega fyrir tengingu heimtaugar og frágang kr. 44.557 án vsk. Bráðabirgðaheimtaug er eingöngu afhent fyrir utan hús í viðeigandi búnað svo sem vinnuskúr og sem næst dreifikerfi á lóðarmörkum.

## Heimtaugar fyrir frístundahús:

| Taxti | Málstraumur | Heimtauga-gjald | Með 24% vsk |
|---|---|---|---|
| H3R | 50 A | 510.123 | 632.553 |

**Skýringar:**

Umsækjandi leggur til ídráttarrör að lóðarmörkum. Fyrir hvern metra umfram 100 m af heildarlengd heimtaugar greiðir umsækjandi 2% af heimtaugargjaldi. Ef þvera þarf götur eða fara gegnum varanlega frágengið yfirborð bætist sá kostnaður við heimtaugargjaldið.

## Tengigjald fyrir skammtímanotkun:

| Taxti | Tengigjald | Með 24% vsk |
|---|---|---|
| H4R | 16.598 | 20.582 |
| Alltaf er greitt tvöfalt gjald | 33.196 | 41.164 |

## Daggjald fyrir viðburða-/mælaskáp:

| Stærð | Daggjald | Með 24% vsk |
|---|---|---|
| 1x16A | 2.070 | 2.567 |
| 3x32A | 4.140 | 5.134 |
| 3x50A | 6.210 | 7.700 |

**Skýringar:**

Greitt er tengigjald bæði fyrir tengingu og aftengingu. Álag vegna vinnu starfsmanna Veitna utan dagvinnutíma er 55%. Ávallt er greitt fyrir notkun samkvæmt orkumælingu.

Ef Veitur setja upp mælaskáp og búnað fyrir tengingu þá greiðist daggjald til viðbótar.

Ef umsækjandi útvegar viðurkenndan mælaskáp er ekki greitt daggjald.

Kröfur til búnaðar og frágangs mælaskáps eru nánar skilgreindar á vef Veitna, www.veitur.is

Tenging er í öllum tilvikum afhent við tengiskáp Veitna og er umsækjandi ábyrgur fyrir lögnum og lagnaleiðum frá móttökustað, svo sem yfirkeyrsluvörnum og öðrum vörnum lagna .

Fyrir umsóknir skammtímatenginga 100 A eða stærri skal umsækjandi útvega viðurkenndan mælaskáp með sér hólfi fyrir orkumæli. Tengigjald greiðist samkvæmt verðskrá Veitna fyrir *bráðabirgðaheimtaugar.*

## Önnur tengiþjónusta:

Umbeðin tengiþjónusta rafmagnseftirlitsmanns til rafverktaka utan dagvinnutíma á tímabilinu 16:00 til 00:00 virka daga er kr. 31.025 (kr. 38.471 m/vsk) og eftir miðnætti og um helgar kr. 41.368 (kr. 51.296 m/vsk). Framangreind gjöld miðast við að hámarki 3ja tíma útkall. Þurfi jafnframt þjónustu fleiri starfsmanna Veitna utan dagvinnu greiðist sá kostnaður til viðbótar.
Þegar breyta þarf skráningu mæla í nýjum fjölbýlishúsum eftir áhleypingu að beiðni rafverktaka skal hann greiða breytingagjald kr. 31.025. Rafverktaki ber ábyrgð á að mælar séu rétt skráðir á íbúðir/notendur.

## Merki frá mæli fyrir notanda eða ósk um mælaprófun

Beiðni notanda um merki frá mæli til nota við eigið stjórn- eða upplýsingakerfi.

| Taxti | Skýring | Án vsk. kr. | Með 24% vsk. |
|---|---|---|---|
| H6R | Tengigjald fyrir aðgang að púlsum frá mæli, uppsett tengidós | 16.609 | 20.595 |
| H7R | Ótímabær mælaskipti, settur mælir sem hefur möguleika á púlsútgangi | 10.616 | 13.164 |

### Skýringar:

Tengigjald er greitt fyrir aðgengi að merki frá mæli. Veitur setja upp tengidós sem er aðgengileg fyrir notanda að tengja við sinn búnað. Ef notandi óskar eftir að mælir sé prófaður og hann reynist í lagi er greitt gjald H7R. Þurfi að skipta um mæli þar sem mælir er ekki hæfur til að gefa frá sér merki þarf notandi að greiða fyrir mælaskipti og dýrari mæli til viðbótar við tengigjald.
Við mekaníska mæla þarf púlsmagnara sem notandi greiðir leigu af sbr. mælaleiga M9
Veitur taka enga ábyrgð á púlsútgangi eða notkun hans og vegna tækniþróunar mæla er ekki mögulegt að ábyrgjast að næsta mælitæki verði með sambærilegum útgangi.

## Þjónustugjöld:

| Skýring | Kr. | Með 24% vsk | Grunnur |
|---|---|---|---|
| Seðilgjald | 203 | 252 | kr |
| Tilkynningar- og greiðslugjald | 67 | 83 | kr |
| Aukaálestur | 5.386 | 6.679 | kr |
| Skipting orkureiknings [1] | 2.864 | 3.551 | kr/ári |
| Tímaraðamæling [2] | 89,31 | 110,74 | kr/dag |
| Tímaraðamæling án Netorkusendingar | 42,03 | 52,12 | kr/dag |
| Innheimtuviðvörun [3] | 820 | | kr |
| Lokunargjald | 6.732 | 8.348 | kr |
| Lokunargjald vegna lokunar að beiðni notanda eða opnun utan dagvinnutíma [4] | 19.430 | 24.093 | kr |

**Skýringar:**

[1] Frá 15. sept. 2015 gildir þetta einungis um veitur sem skipt var fyrir þann tíma.
Þessi þjónusta er ekki lengur í boði.

[2] Gjald fyrir tímaraðamælingu sem raforkunotandi óskar eftir og mældur afltoppur er undir 100 kW.

[3] 20 dögum eftir gjalddaga.

[4] Óski notandi eftir tímabundinni lokun eða óski eftir að opnun verði framkvæmd utan dagvinnutíma.

Sjá upplýsingar á vef Veitna; www.veitur.is